

## Stjórnarfundur JA á Íslandi, Akureyri 5. nóvember 2019

Fundur hefst 16:00.

Mættir eru: Ágúst Jakobsson formaður, Aníta Jónsdóttir gjaldkeri, Jónína Hauksdóttir ritari, Helga Jónsdóttir meðstjórnandi, Hafdís Bjarnadóttir meðstjórnandi, Berglind Bergvinsdóttir varamaður í stjórn, Inga Huld Pálsdóttir varamaður í stjórn.

Nadine Gaudin situr með stjórn á fundi.

Námskeið : Tvö námskeið sem samtökin stóðu að eru að baki og allt gott um það að segja.

Þýðingarmál/útgáfumál : Komin eru drög að samningi frá Positive Discipline Association um útgáfumál. Gerður verður útgáfusamningur sem stjórn skrifar undir. Greiða þarf 15% af söluverði 1. júlí árlega út til samtakana. Úti kosta bækurnar um 43\$, (ca 5300 ísl), gæti verið okkar viðmið um verð, en kostnaður má ekki vera 20% hærri en USA kostnaður er. Óljóst er hver prentkostnaður er en hann gæti verið nokkur.

Við skuldbindum okkur til að vinna verkið á 6 til 9 mánuðum.

Jónína kemur með uppástungu um að hún og Helga taki að sér þýðingu á leikskólahandbók og kalli til hjálp ef þörf er á þar sem þekking þeirra liggur á því skólastigi.

Aníta telur að þýða þurfi leik- og grunnskólabækurnar samhliða. Sérstaklega þær æfingar sem eru þær sömu í báðum bókum.

Kristín Sigurðardóttir kennari í Naustaskóla gæti mögulega séð um yfirlestur eða jafnvel þýðingar. Það verður kannað.

Ágúst á fund með tveimur úr stjórn til að setja sig inn í mál alþjóðasamtakana. Þar mun hann orða íslenskar aðstæður varðandi þýðingarmál/útgáfumál og kanna hvort samtökin geti styrkt þýðingarmál.

Ágúst setti sig í samband við Völku um mögulega útgáfu á grunnbókinni Positive Discipline en þeirri hugmynd var hafnað. Hann mun leita fyrir sér með önnur útgáfufyrirtæki.

Nadine segir að mögulegt sé að kanna hvort alþjóðasamtökin geti stutt við greiðslur fyrir þýðingar. Í Frakklandi er farin sú leið að þýðandi er fenginn til að þýða og þjálfarar fara svo yfir þýðingar og orðanotkun. Stjórn líst ekki illa á þessa leið ef hún er fær því það liggur gríðarleg vinna við að þýða handbækurnar og eins PD textabækurnar.

Nýir skólar: Jónína er að vinna að innleiðingu Jákvæðs aga með þremur leikskólum: Barnaborg á Blönduósi, Hraunborg í Reykjavík og Furugrund í Kópavogi. Hún sendir netföng skólastjórnenda til Ágústar.

Innleiðing í Fljótdalshéraði: Aníta er í samtali við fræðslustjóra Fljótdalshérað um innleiðingu í leik- og grunnskólum sveitafélagsins.

### Önnur mál

Réttindanámskeið: Jónína segir frá því að hún stefni að réttindanámskeiði ECE (Early Childhood Educator) á vorönn sem verður opið bæði leik- og grunnskólastarfsmönnum.

Næstu skref hjá samtökunum: Mögulega þýðingar- og útgáfumál. Einnig þarf að halda á lofti ráðstefnunni í Atlanta 10. – 12. júlí og í Madrid 6. til 8. nóvember.

Samstarf skóla á norðursvæðinu: Er þetta samstarf enn í gangi? Það samstarf er enn í gangi en ekki er búið að halda fyrsta fund vetrar. Boltinn er hjá Glerárskóla sem á að halda næsta fund.

Samtök JA: Helga veltir því upp hvort íslensku samtökin geti verið meira sýnileg fyrir almenna félagsmenn, að þeir fái upplýsingar og finni að það borgi sig að vera í samtökunum.

Fundi slitið 17.15